

Fundur Öldungadeildar L.Í. 5/2 2020

Kristófer Þorleifsson formaður setti fund og bauð gesti velkomna. Engir félagar hafa fallið frá frá síðasta fundi. Þá kynnti hann fyrirlesara fundarins, Árna Bragason landgræðslustjóra og rakti náms- og starfsferil hans. Nefnir Árni fyrirlestur sinn „Landgræðsla og loftslagsmál“.

Fyrirlesari varpaði upp glæru sem sýndi helstu eldvirknisvæði landsins sem liggja frá suðvestri til norðausturs um landið. Hann benti á að Hekla hefði gosið 18 sinnum frá landnámi, misöflugum gosum, en síðasta virkilega stórgos var árið 1693. Öskublandaður jarðvegur er viðkvæmur fyrir rofi. Á árunum kringum 1885 varð gífurleg jarðvegseyðing á Suðurlandi, mest suður af Heklu og fór fjöldi jarða í eyði (þar með talið Gunnarsholt) með búfjárfelli og hungursneyð fólks. Þetta varð kveikjan að stofnun Landgræðslu ríkisins sem staðsett er í landi Gunnarsholts þar sem jarðvegseyðingin var algjör. Með árunum hefur náðst umtalsverður árangur á örfoka svæðum og er Gunnarsholt lifandi dæmi um það. Enn er þó barist við gróðureyðingu víða um land. Vaxandi þekking og tækni hjálpa, en af síðasta gosi í Eyjafjallajökli mátti draga lærdóm. Foksandur/aska safnast í rakar dældir. Landgræðslan sáir í slíka bletti, m. a. birki, sem er öflug planta til sjálfsáningar og þannig nær gróður að breiða úr sér ef hann fær frið fyrir beit. Stálpað birki þolir 20 – 30 sm öskulag en á „sandárunum“ svokölluðu upp úr árunum 1880 fór fjöldi jarða í eyði í Rangárvallasýslu. Hins vegar hefur 0,5 – 1 sm. öskulag jákvæð áhrif á gróður. Nú starfar Landgræðslan með 549 bændum að uppgæðslu 18700 hektara lands en stefnt að 60000 hektara uppgæðslu. Illa farið land er þó mun stærra eða 1,6 millj. hektarar. Landgræðsla leggur til áburð og fræ. Nýjung er að nota seyru til áburðar á Hólasandi og á afréttum Hrunamanna, afbragðs áburður en vannýttur auður. Meiri áburður fer út í sjó frá Reykjavík en allur áburður sem notaður er á Íslandi! Áhersla Landgræðslunnar er að nýta úrgang og lækka með því kolefnisspor samfara endurheimt vistkerfa.

Framræsla lands er bönnuð á Íslandi en sveitarfélög sinna því ekki! Lausaganga búfjár er bönnuð í flestum löndum, en þó ekki hér á landi. Öll verst fögnu svæði miðhálandisins eru þegar friðuð. Jöklar hoga en reynt er að hefta fokið sem undan þeim koma. Gró-Lind verkefnið felst í að vakta landið, t.d. með gps sendum sem festir eru á háls sauðfjár.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi: Landbúnaður 4%, Iðnaður/efnanotkun 12%, Fólksbílar 4%, Sjávarútvegur 3%, aðrar samgöngur 1%, Annað 4%, Framræst og uppblásið land 72%.

Að lokum svaraði fyrirlesari spurningum. Kristófer þakkaði fyrirlesara með bókargjöf og fundarmönnum setuna, en þeir voru 47 talsins og sleit síðan fundi.

Fundarritari: Jóhannes M. Gunnarsson